



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar og fleiri lögum, 273. mál.

Stjórnvöld standa nú frammi fyrir miklum niðurskurði ríkisútgjalda og því eðlilegt að jafnframt verði skoðað með hvaða hætti megi draga úr útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Mikilvægt er að auka eftirlit með bótasvikum og herða viðurlög við þeim enda getur hvorki atvinnulífið né almenningur samþykkt að tugir eða hundruð milljóna séu greiddar árlega til launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga umfram það sem réttur þeirra stendur til eða eðlilegt má telja. Einnig verður að draga skýr mörk milli hlutverks Atvinnuleysistryggingasjóðs og annarra bótakerfa, þ.m.t. félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

4. gr. um bótaskilyrði

Í fyrstu drögum að frumvarpi sem kynnt voru hagsmunaaðilum var gert ráð fyrir að lágmarksaldur yrði hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Frá því lög nr. 54/2006 voru samþykkt hafa þær breytingar orðið að framfærsluskylda og fræðsluskylda miðast nú við 18 ár. Því þótti eðlilegt að miða rétt til atvinnuleysisbóta við sama aldersmark. Á móti kæmi að einstaklingur gæti hafið ávinnslu bótaréttar strax við 17 ára aldur. Ekki hafa verið færð fram rök fyrir því að halda áfram í 16 ára aldursviðmið.

5. gr. um námsmenn

Fyrir liggur sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hækka lánveitingar LÍN um 25% gegn því að réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta í sumarleyfum falli niður. Í raun er litið svo á að námsmenn stundi nám sitt allt árið og taki sumarleyfi eins og launafólk. Hafa verður í huga að launamaður sem missir starf sitt að vori verður að taka 5 vikna sumarleyfi án bóta og því eðlilegt að líta svo á að námsmenn verði einnig að taka bótalaust sumarleyfi. Þegar litið er til þess og hækkunar námslána verður að telja eðlilegt að þessi réttur námsmanna falli niður. Á móti kemur að réttur þeirra til að geyma bótarétt er lengdur um 3 ár, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Samhliða þessari breytingu er eðlilegt að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaganna svo þau geti með sömu rökum lækkað eða fellt niður greiðslur til námsmanna í lánshæfu námi.



15. gr. um ósamrýmanlegar greiðslur

Ekki er í greininni tekið á skattfrjálsri þjónustutryggingu Reykjavíkurborgar, sem greidd er til foreldris sem valið hefur að vera heima hjá ungu barni sínum í stað þess að nýta þjónustu leikskóla eða dagmæðra. Varla er hægt að halda því fram að viðkomandi sé á sama tíma í virkri atvinnuleit og tilbúinn að taka starfi án sérstaks fyrirvara, sbr. kröfur 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Því er rétt að fella slíkar umönnunargreiðslur undir 15. gr. frumvarpsins.

16. gr. um nám samhliða bótum

Með frumvarpinu er veitt heimild fyrir námsmenn í allt að þriðjungsnámi að vera á bótum í samræmi við áunnið bótahlutfall. Þessir námsmenn þurfa því að uppfylla öll skilyrði laganna, þ.á m. að vera umsækjendur um fullt starf. Rétt er að skoða nánar hvort regla þessi sé eðlileg því hún getur leitt til óeðlilegs kostnaðar í skólakerfinu vegna námsmanna sem samhliða eru í virkri atvinnuleit og þurfa að fella niður skólasókn fái þeir atvinnutilboð.

25. gr. um hlutabætur launafólks

Margt launafólk hefur þurft að þola lækkun tekna vegna minni yfirvinnu og uppsögn á fastri yfirvinnu. Engar bætur eru greiddar til þessa fólks. Því er óeðlilegt að einstaklingur á föstum launum geti fengið tekjutengdar bætur ef starfshlutfall skerðist einungis um 10%. Lagt var til að lágmarksskerðing starfshlutfalls þyrfti að vera a.m.k. 25% en fallast má á að sinni að skerðing sé að lágmarki 20%.

Hámark launa í hlutastarfi auk bóta er skv. frumvarpinu yfir hálf milljón. Upphaflega stóð til að miða við sömu fjárhæð og greidd er í fæðingarorlofi, kr. 350.000, en fjárhæðin tók undarlegri og órókstuddri hækkun eftir að samráði við aðila vinnumarkaðarins lauk. Ljóst er að fjárhæð sem þessi mun vekja mikla athygli og spurningar af hverju bótakerfi atvinnulausra getur verið mun örlátara en önnur bótakerfi. Mælt er með að hámark þetta verði lækkað verulega.

26. gr. um hlutabætur sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga skv. lögum um atvinnuleysistryggingar, IV. kafla, rétt á atvinnuleysisbótum ef þeir þurfa að stöðva rekstur sinni, þ.e. verða atvinnulausir. Ekki er gert ráð fyrir rekstrarstyrkjum til sjálfstætt starfandi ef samdráttur verður í rekstri þeirra, ekki frekar en að einkahlutafélag fái bætur ef sömu aðstæður koma upp. Því vakti furðu að samþykkt var bráðabirgðaákvæði haustið 2008 sem veitti sjálfstætt starfandi einstaklingum opna heimild til að sækja sér fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Jafnvel einstaklingar í fullu starfi, s.s. dagmæður, fengu bætur, jafnvel fullar bætur, þótt þeir uppfylltu engin skilyrði laganna fyrir bótarétti, s.s. að vera í virkri atvinnuleit og tilbúnir að taka starfi þegar byðist. Ekki verður lengur við það unað að hunduð milljóna renni til slíkra verktaka í formi rekstrarstyrkja. Engar forsendur eru fyrir frekari framlengingu þessa ákvæðis.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.

forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA